26.10.2026

Bæjarráð - 2509. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, mánudaginn 26. október 2026
og hófst hann kl. 12:00

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga ársins 2026 og ræddi framvindu þeirra verkefna sem eru í gangi.

2. Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2027 - 2608013

Fjárhagsáætlun ársins 2027 til umræðu. Farið yfir stöðu vinnunnar og helstu forsendur áætlunarinnar. Tímalína áætlunargerðar lögð fram.

Bæjarráð fór yfir stöðu vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2027. Rætt var um að kalla eftir minnisblöðum frá forstöðumönnum um fjárfestinga- og viðhaldsþörf stofnana til hliðsjónar við gerð framkvæmdaáætlunar.

3. Gjaldskrár 2027 - 2610059

Drög að gjaldskrá ársins 2027 lögð fram til umræðu. Gjaldskráin verður unnin áfram með hliðsjón af umræðum og lögð fyrir bæjarráð að nýju á næsta fundi.

Bæjarráð fór yfir drög að gjaldskrám ársins 2027. Málið verður tekið til frekari umræðu á næsta fundi bæjarráðs.

4. Byggingafulltrúi - 2610057

Finnbogi Bjarnason, forstöðumaður tæknideildar, hefur sagt upp störfum hjá Bolungarvíkurkaupstað og óskað eftir lausn frá störfum fyrir lok uppsagnarfrests. Til að tryggja órofna þjónustu og framgang verkefna tæknideildar er lagt til að Verkís annist tímabundið þau verkefni sem falla undir starfssvið forstöðumanns tæknideildar á meðan unnið er að ráðningu eftirmanns.

BOLUNGARVÍK

26.10.2026

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá samningi við Verkís um tímabundna umsjón með verkefnum sem falla undir starfssvið byggingarfulltrúa á meðan unnið er að ráðningu eftirmanns.

5. Strandlengjuhreinsun - 2610054

Óskað er eftir þátttöku og fjárframlagi Bolungarvíkurkaupstaðar í verkefninu Hreinsun strandlengju Vestfjarða, sem miðar að því að hreinsa strandir frá Bjargtöngum að Hnífsdal og á Snæfjallaströnd af plasti og öðrum úrgangi. Verkefnið er áætlað til 3-5 ára og er unnið í samstarfi sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu. Áætlað framlag hvers þátttakanda vegna fyrsta starfsárs (2027), að teknu tilliti til styrks frá Umhverfis- og orkustofnun, er um 557 þús. kr., auk hlutdeildar í förgunarkostnaði.

Bæjarráð vísar erindi um þátttöku í verkefninu Hreinsun strandlengju Vestfjarða til umhverfismálaráðs til umfjöllunar og umsagnar.

6. Þjónustusamningur vegna slökkviliðs - 2610055

Núgildandi samstarfssamningur um slökkviliðsstjórnun rann út 1. janúar 2026 og liggur fyrir tillaga að nýjum samningi við Ísafjarðarbæ. Sá samningur endurspeglaði ekki raunverulegan kostnað samstarfsins og byggir ný tillaga á endurskoðaðri kostnaðarskiptingu þar sem tekið er tillit til þjónustu slökkviliðsstjóra, þjálfunar, eldvarnareftirlits og bakvakta.

Bæjarráð ræddi fyrirkomulag samstarfs um slökkviliðsþjónustu og drög að nýjum þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram að samningnum.

7. Fyrirhugaðar breytingar á Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða - 2610056

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða verður lagt niður um áramót og ljóst er að hluti verkefna þess mun færast til sveitarfélaganna. Þar undir falla meðal annars verkefni og ábyrgð á sviði umhverfismála, fráveitu, vatnsverndar og úrgangsmála, sem mikilvægt er að skilgreina með skýrum hætti hvernig verði sinnt eftir breytingarnar. Ástæða er til að bæjarráð fari yfir áhrif þessara breytinga á starfsemi sveitarfélagsins og ræði hvernig best verði staðið að framkvæmd og umsjón þeirra verkefna sem verða áfram á ábyrgð sveitarfélagsins.

Bæjarráð ræddi fyrirhugaðar breytingar á Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og möguleika á tímabundinni ráðningu til að sinna þeim verkefnum sem verða áfram á ábyrgð sveitarfélagsins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

8. Velferðarþjónusta Vestfjarða uppgjör 2025 - 2610058

Lagt fram uppgjör Velferðarþjónustu Vestfjarða fyrir árið 2025, sem samþykkt var í framkvæmdaráði þjónustunnar 13. október 2026. Uppgjörið tekur til þjónustu við fatlað fólk og bakvakta barnaverndar.

Erindi kynnt.

26.10.2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00